

**Ed.**

### **413. Nefndarállit**

um frv. til laga um dómsmálastarfa, lögreglustjórn, gjaldheimtu o. fl. í Reykjavík.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Með frv. þessu er farið fram á að leggja niður bæjarfógetaembættið og lögreglustjóraembættið í Reykjavík. Fá núverandi embættismenn þó báðir rjett til biðlauna í 5 ár, sem munu nema með dýrtíðaruppbót 9500 kr. fyrir hvorn. Jafnframt fer frv. fram á að stofna í þeirra stað 3 ný embætti, eftir brtt. meiri hlutans með 8000 kr. byrjunarlaunum og 9000 kr. lokalaunum, auk dýrtíðaruppbótar, eða alls 9500 kr. árlega. Launabyrði ríkissjóðs af núverandi embættum er sem stendur 13800 kr., en mundi eftir frv. með brtt. meiri hluta hækka næstu 5 árin upp í 47500 kr. Aukningin er 33700 kr. Að þessum 5 árum liðnum koma eftirlaun í stað biðlauna hjá núverandi embættismönnum, og mundi mismunurinn við það minka um 3400 kr. með núverandi dýrtíðaruppbót.

Gert er ráð fyrir, að aukatekjur og innheimtulaun, sem embættismennirnir njóta nú, renni að einhverju leyti í ríkissjóð. Þessar aukatekjur nema nú ekki helmingi þeirrar upphæðar, sem nefnd er í athugasemdunum við frv., og ýms af þeim innheimtulaunum, sem nú eru greidd, virðist óhjákvæmilegt að greiða áfram, meðal annars vegna hinnar miklu ábyrgðar, sem sumum innheimtum fylgir (uppbodsskuldir), og svo vegna hinnar miklu peningaábyrgðar yfirleitt, sem nú

fylgir einkum embætti lögreglustjóra, sem innheimtir árlega um 6 milj. kr., að miklu leyli í smáupphæðum. Tel jeg því vist, að breytingin yrði í heild til kostnaðarauka fyrir ríkissjóð að því er snertir kostnaðinn við embættin beinlínis.

En þar að auki tel jeg, að sundurgreining lögreglustjórnar og tollstjórnar muni hafa stórum aukið mannaald í för með sjer, þar sem lögreglan er þá ekki lengur tiltæk til neinna þeirra starfa, er snerta tollgæslu. Mundi því þurfa að fjölga tollþjónum mjög.

Af þessum ástæðum, sem nánari grein verður gerð fyrir í framsögu, legg jeg til, að frv. verði felt.

Alþingi, 7. mars 1928.

Jón Þorláksson.